MÁLNEFND UM ÍSLENSKT TÁKNMÁL

ÁLYKTUN

2025

11. febrúar 2026

ÁLYKTUN MÁLNFEFNDAR UM ÍSLENSKT TÁKNMÁL

2025

Ályktun Málnefndar um íslenskt táknmál

Samantekt

Á árinu 2025 hefur Málnefnd um íslenskt táknmál lagt sérstaka áherslu á stöðu og framkvæmd regluverks um íslenskt táknmál. Samkvæmt lögum nr. 61/2011 er íslenskt táknmál fyrsta mál þeirra sem reiða sig á það til tjáningar og samskipta og barna þeirra. Engin aðgerðaáætlun eða fjármögnun fylgdi lagasetningunni árið 2011. Þingsályktun um málstefnu íslensks táknmáls 2024–2027 ásamt aðgerðaáætlun var samþykkti á Alþingi 20. mars 2024 en einungis var veitt fé til Samskiptamiðstöðvar heyrnarlausra og heyrnarskertra til fjármögnunar aðgerða en ekki til annarra ábyrgðaraðila.

Þrátt fyrir skýrar lagaskyldur er íslenskt táknmál oft ekki nefnt í lögum, reglugerðum, námskrám og stefnumálum þar sem það ætti að koma fram. Í mörgum tilvikum er stuðst við lagagrundvöll sem tiltekur ÍTM, en í framkvæmd er málinu sleppt eða það gleymist. Íslenskt táknmál er því aftarlega í forgangsröðun og verður víða fyrir kerfisbundinni vanrækslu. Alvarlegt dæmi er Menntastefna til ársins 2030 þar sem engin aðgerð í aðgerðaáætlun snýr að ÍTM, þrátt fyrir að í Þingsályktun um menntastefnu sé eitt af markmiðum að leggja áherslu á framþróun íslensks táknmáls. Í Leiðarvísi um stuðning við móðurmál og virkt fjöltyngi í skóla- og frístundastarfi er heldur ekki minnst á ÍTM.

Í lögum sem ætlað er að sporna við mismunun er ÍTM ekki nefnt, þótt málið sé forsenda jafnræðis. Í Aðalnámskrá grunnskóla er greinin *íslenskt táknmál og íslenska* skilgreind fyrir táknmálsnemendur, en ekkert námsefni hefur verið samið eða gefið út til þess að kenna hana.

Á árinu hefur Málnefnd sent ábendingar til ráðuneyta og stofnana þegar regluverki hefur ekki verið fylgt og ÍTM og málréttindi döff fólks hafa verið hunsuð. Í flestum tilvikum hefur slíkum erindum ekki verið sinnt eða svarað.

Nefndin ályktar að þótt ÍTM sé nefnt í lögum nái lög ekki tilgangi sínum – það er að tryggja annars vegar rétt döff fólks til máls og menningar og hins vegar aðgengi döff fólks að þjónustu. Túlkun stjórnvalda og stofnana, ásamt skorti á eftirfylgni, hefur fest í sessi kerfisbundið vanmat

og jaðarsetningu íslensks táknmáls. Málið er oft talið lítilvægt, það er hunsað eða gleymist sem endurspeglar beinlínis vanmat á döff fólki og jaðarsetningu þess. Þá skortir vilja til þess að fjármagna nauðsynlega þjónustu og umbætur sem eiga að vera tryggðar í lögum og Sáttmála Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Slík afstaða grefur undan mannréttindum, jafnrétti og tjáningarfrelsi ÍTM samfélagsins og þátttöku döff fólks og aðgengi að þjónustu sem regluverkið á að tryggja.

Málréttindi

Réttindi til máls eru grundvallarréttindi sem tryggja að einstaklingar geti tjáð sig án hindrana og notið eigin menningar. Þau eru lykill að félagslegu réttlæti og jöfnuði, sérstaklega fyrir málminnihlutahópa eins og ÍTM fólk. Þessi réttindi koma ekki sjálfkrafa heldur þarf stöðugt að vinna að þeim og minna á þau. Til þess að tryggja réttindi til ÍTM þarf aðgerðir frá stjórnvöldum, stofnunum og íslensku samfélagi og þannig má skapa samfélag þar sem bæði ÍTM og íslenska eru metin og virt. Í lögum nr. 61/2011 segir að íslenskt táknmál sé jafnrétthátt íslensku sem tjáningarform í samskiptum manna í milli og óheimilt sé að mismuna mönnum eftir því hvort málið þeir nota. Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks hefur lagagildi hér á landi. 21. gr. samningsins um *Tjáningar- og skoðanafrelsi og aðgang að upplýsingum* felur í sér að viðurkenna eigi og efla notkun íslensks táknmáls í opinberum samskiptum og láta í té upplýsingar, sem almenningi eru ætlaðar, á ÍTM, tímanlega og án aukakostnaðar. Sömu tilmælum er beint til einkaaðila sem bjóða almenningi þjónustu. 24. gr. sáttmálans felur í sér að menntun ÍTM barna skuli fara fram á íslensku táknmáli, með kennsluaðferðum og námsgögnum fyrir ÍTM börn og í umhverfi sem hámarkar námsþroska og félagsþroska þeirra þannig þau hafi alltaf aðgang að málsamfélaginu í kringum sig. Jafnframt kemur fram að döff fólk skuli eiga rétt, til jafns við aðra, á viðurkenningu og stuðningi við sérstaka táknmálssjálfsmynd sína og döff menningu.

Réttur til menningar

Rétturinn til menningar, eins og hann er skilgreindur af Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna, felur í sér rétt allra til að hafa aðgang að menningu, skapa hana, taka þátt í henni og njóta hennar. Menningarleg réttindi eru viðurkennd bæði sem einstaklingsbundin og sameiginleg og ná yfir öll svið menningar — frá menningararfi til menningar og skapandi greina, þar með talið í stafrænu umhverfi. Menningarleg réttindi eru grundvallaratriði fyrir mannlega reisn, persónulega sjálfsuppfyllingu og félagslega samheldni. Nýting þessara réttinda stuðlar að margbreytileika og jafnræði og dregur þar með úr ójöfnuði (UNESCO, 2025). Norrænu menningarmálaráðherrarnir lýstu árið 2021 að þeir hygðust efla lifandi og inngildandi lista- og menningarlíf sem opið væri öllum og sem styður við gæði, nýsköpun og listrænt og menningarlegt frelsi og tjáningarfrelsi (Nordiska ministerrådet, 2021). Í menningarlegu tilliti leggur Ísland sérstaka áherslu á a) menningarlega fjölbreytni og varðveislu tungumála heimsins og b) verndun og miðlun menningararfs (Íslenska Unesco-nefndin, e.d.). Því er það siðferðisleg, félagsleg og efnahagsleg nauðsyn að tryggja döff fólki rétt til eigin menningar og til þess að efla eigin menningar- og tungumálasjálfsmynd. Til þess að standa vörð um menningarleg réttindi þarf lagaumgjörð og opinbera stefnu sem verndar menningarlega sjálfsmynd og menningararf

ÍTM-samfélagsins. Þetta felur m.a. í sér að: a) styrkja félags- og efnahagsleg réttindi döff listamanna, b) stuðla að frelsi til listsköpunar, c) auka menningarlegan fjölbreytileika í íslensku samfélagi með efni úr ÍTM samfélagi og á ÍTM og d) vinna að vernd, endurheimt og skilum á menningarverðmætum döff samfélags.

Réttur til þjónustu

Réttur til þjónustu fyrir ÍTM samfélagið felur í sér að hafa aðgengi að þjónustu stóra samfélagsins í gegnum ÍTM. Í lögum nr. 61/2011 segir að ríki og sveitarfélög skuli tryggja að allir sem þess þurfa eigi kost á þjónustu á íslensku táknmáli. Í Samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks er rétti til þjónustu lýst á öllum sviðum samfélagsins, s.s. á sviði menningar, mennta, félagslífs, heilbrigðis, dóms og laga o.s.frv.. Einnig er lögð áhersla á að tryggja skuli þjálfun og þekkingu starfsfólks í því skyni að betrumbæta þjónustuna sem á að veita. Þetta felur m.a. í sér að: a) styrkja þurfi rétt til táknmálstúlkunar á öllum sviðum samfélagsins og b) bjóða menntun í ÍTM fyrir starfsfólk sem veitir þjónustu.

1. **Gera úttekt á hvort íslenskt táknmál skuli fá vernd í stjórnarskrá sem hefðbundið minnihlutamál á Íslandi.**
2. **Endurskoða lög um stöðu íslenskrar tungu og íslensks táknmáls (nr. 61/2011). Skilningur á stöðu og hlutverki íslensks táknmáls, til dæmis sem menningararfs og hvað varðar málvísindalegt mikilvægi þess, hefur breyst frá því að þau tóku gildi árið 2011. Skýra þarf hugtakið hefðbundið minnihlutamál, kveða frekar á um notkun ÍTM á ýmsum sviðum og aftengja það frá sjúkdómsgreiningu.**
3. **Gera úttekt á framkvæmd laga nr. 61/2011 og hvernig stjórnsýslustofnanir túlka þau.**
4. **Fara yfir öll skjöl sem byggja á Lögum um stöðu íslenskrar tungu og íslensks táknmáls nr. 61/2011, svo sem námskrár, menntastefnur og verklagsreglur, og tryggja að þau taki tillit til ÍTM málréttinda til jafns við íslensku.**
5. **Setja lög sem tryggja rétt til aðgengis með táknmálstúlkun á öllum sviðum samfélagsins.**
6. **Endurskoða lög um jafna meðferð (innan og utan vinnumarkaðar) þannig að þau vinni einnig gegn mismunun ÍTM fólks og viðhaldi jafnri meðferð einstaklinga sem tala ÍTM innan og utan vinnumarkaðar.**
7. **Gera mat á málstefnu um íslenskt táknmál og aðgerðaáætlun fyrir endurskoðun á næstu málstefnu og aðgerðaáætlun.**
8. **Endurskoða leikskólalög og námskrá leikskóla þannig að ÍTM verði skilgreint sem mál á leikskólastigi.**
9. **Tryggja málréttindi ÍTM barna með því að innleiða aðgerðir í menntastefnu og aðgerðaáætlun sem sérstaklega styðja börn sem eiga ÍTM að móðurmáli eða öðru máli.**
10. **Tryggja að réttur einstaklinga til íslensks táknmál sé metinn og virtur af sérfræðingum sem kunna ÍTM og þekkja döff menningu.**
11. **Endurskoða námskrár framhaldsskóla og sérdeilda, þar sem aðgangur að ÍTM námi er ekki skilgreindur.**
12. **Endurskoða lög um lýðskóla þar sem gleymst hefur að gera grein fyrir ÍTM.**
13. **Gera úttekt á kerfisbundnum ástæðum fyrir því að ÍTM gleymist eða er hunsað í opinberum gögnum og stefnumótun, og grípa til úrbóta gegn málsmánun.**
14. **Setja á fót sjóð fyrir þýðingar á milli íslensks táknmáls og íslensku.**

15. **Auka sýnileika ÍTM í almannarými, t.d. á heilsugæslum, vefum stofnana og í opinberum upplýsingum.**
16. **Semja og gefa út viðmiðunarreglur um notkun íslensks táknmáls í opinberu rými og hjá stjórnvöldum og að ráðherra auglýsi þær formlega.**
17. **Rækta íslenskt táknmál og styðja málþróun, þar á meðal orðaforða, fræðiorð og aðgengi í stafrænum heimi.**
18. **Tryggja fjármagn til aðgerða í málstefnu og lögum um ÍTM, þar sem fjárveitingar hefur vantað hingað til.**
19. **Ísland skuldbindi sig til þess að skapa umhverfi sem stuðlar að virðingu fyrir og nýtingu allra mannréttinda döff fólks, einkum menningarlegra réttinda til að byggja réttlátari og sanngjarnari heim og draga úr ójöfnuði.**
20. **Gera úttekt á hvaða námsefni, sem nefnt er í Aðalnámskrá, þarf að gera á ÍTM fyrir grunnskóla**
21. **Gera námsefni um sögu og menningu döff fyrir kennslu í grunnskólum**
22. **Halda leiklistar-, ljóða- og sagnanámskeið fyrir döff leik- og grunnskólabörn.**

Um málnefnd

Hlutverk Málnefndar um íslenskt táknmál er að vera stjórnvöldum til ráðuneytis um hvað eina er varðar íslenskt táknmál og stuðla að eflingu íslensks táknmáls og notkun þess í íslensku þjóðlífi.

Samkvæmt lögum nr. 61/2011 um stöðu íslenskrar tungu og íslensks táknmáls var nefndin þannig skipuð af menningar- og viðskiptaráðherra tímabilið 2024–2028:

Valgerður Stefánsdóttir formaður

Berglind Stefánsdóttir varaformaður

Uldis Ozols

Rannveig Sverrisdóttir

Júlía G. Hreinsdóttir

Selma Kaldalóns Sigvaldadóttir

11. febrúar 2026

Ályktun um stöðu íslensks táknmáls 2025

Staða og horfur

1. LAGALEG STAÐA ÍSLENSKS TÁKNMÁLS

1.1. Réttur til máls

1.1.1. Lög um stöðu íslenskrar tungu og íslensks táknmáls nr. 61/2011

Samkvæmt **lögum um stöðu íslenskrar tungu og íslensks táknmáls nr. 61/2011** er íslenska þjóðtunga Íslands og opinbert mál bæði á Íslandi og á alþjóðavettvangi. Íslenskt táknmál (ÍTM) er í lögunum skilgreint sem fyrsta mál þeirra sem þurfa að reiða sig á það til tjáningar og samskipta og barna þeirra. ÍTM er eina hefðbundna minnihlutamálið á Íslandi með opinbera stöðu og viðurkennt í löggjöf. Önnur tungumál en íslenska og íslenskt táknmál hafa ekki opinbera stöðu hér á landi.

Í 3. grein laga nr. 61/2011 segir að stjórnvöld skuli hlúa að ÍTM og styðja það. Jafnframt kemur þar fram að hver sem hafi þörf fyrir táknmál skuli eiga þess kost að læra og nota íslenskt táknmál, jafnskjótt sem máltaka hefst eða frá þeim tíma sem heyrnarleysi, heyrnarskerðing eða samþætting sjón- og heyrnarskerðingar hefur greinst og tiltekið er að sama rétt eigi nánustu aðstandendur. Í 5. gr. um málstefnu er kveðið á um að íslenska ríkið og sveitarfélög skuli stuðla að þróun, rannsóknum, kennslu og útbreiðslu íslensks táknmáls og styðja að öðru leyti við menningu, menntun og fræðslu fyrir heyrnarlausa, heyrnarskerta og einstaklinga með samþætta sjón- og heyrnarskerðingu. Leita skal samvinnu við málnefnd um íslenskt táknmál um málstefnu og stöðu málsins. Ráðuneytið fylgist með því hvernig lögum nr. 61/2011 er framfylgt og getur krafið einstakar stjórnsýslustofnanir um skýrslur þar að lútandi.

Í 13. grein laganna er fjallað frekar um skyldur ríkis og sveitarfélaga og stöðu íslensks táknmáls. Ríki og sveitarfélög skulu tryggja að allir sem þess þurfa eigi kost á þjónustu á íslensku táknmáli. Ríki og sveitarfélög bera ábyrgð á því að varðveita íslenskt táknmál, þróa það og stuðla að notkun þess. Lögð verði áhersla á að fræðiheiti á ólíkum sviðum í íslensku táknmáli nái að þróast og séu notuð. Jafnframt segir að íslenskt táknmál sé

jafnrétthátt íslensku sem tjáningarform í samskiptum manna í milli og að óheimilt sé að mismuna mönnum eftir því hvort málið þeir nota.

Engin aðgerðaáætlun fylgdi lagasetningunni 2011 eða fjárveiting til þess að koma á breytingum frá fyrri stöðu. Í umsögn um frumvarpið frá Fjármálaráðuneyti, segir að frumvarpið kveði ekki á um rétt þeirra sem nota táknmál heldur feli í sér almenn stefnumið sem útfærð séu í öðrum lögum á einstökum málasviðum, eins og t.d. í löggjöf um meðferð einkamála og sakamála, löggjöf um skólamál, lögum um félagsþjónustu og stjórnsýslulögum. Útgjöld vegna laganna væru minnihátta og ekki væri gert sérstaklega ráð fyrir þeim í forsendum fjárveitinga í fjárlögum ársins 2011. Í nefndaráliti menntamálanefndar um frumvarpið kom fram að Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra mætti um 98% af þeirri túlkaþjónustu sem stofnunin fengi beiðnir um. Jafnframt var bent á að verið væri að ljúka vinnu við tillögur um úrbætur hvað varðar þjónustu við táknmálsfólk sem í kjölfarið yrðu kostnaðarmetnar. Tillögurnar sem um ræðir voru unnar frá árinu 2010 og lagðar fram af Velferðarráðuneyti í febrúar 2014 með kostnaðarmati: *Framkvæmdáætlun II VIRKNI – ÞÁTTTAKA – VIRÐING; Þjónusta við heyrnarlausa, heyrnaskertra og daufblinda einstaklinga 2014 – 2020*; *Verkáætlun og skipulag.* Tillögurnar voru lagðar til hliðar án útgáfu og aðgerða.

Í grein um lagalega viðurkenningu á íslensku táknmáli (Valgerður Stefánsdóttir o.fl., 2019) kemur fram að döff fólk upplifi ennþá útilokun vegna tungumálsins og finnist því neitað um borgaraleg réttindi sín. Sérstaklega var bent á börn og þau málréttindi sem lögin hefðu átt að veita þeim. Alvarlegasta hindrunin sem fólk benti á var þó hugmyndafræði heyrandi fólks, afstaða þess til óska döff fólks, forgangsröðun og ákvarðanataka. Vitnað er í Heiðdísi Dögg Eiríksdóttur, formann Félags heyrnarlausra, sem bendir á að fólk hafi almennt ekki skilning á því hvað íslenskt táknmál er, hvers virði það er döff fólki, hlutverki íslensks táknmáls í lífi fólks í sjálfsmynd og menntun, eða hvernig málið lærist. Hún segist alltaf mæta sömu forgangsröðuninni. Þrátt fyrir öll sín rök sé döff fólk ævinlega aftast í röðinni. Þá er vitnað í Berglindi Stefánsdóttur sem leggur áherslu á að án aðgerðaáætlunar og fjárframlaga verði ekki til samfélag þar sem döff fólk nýtur málréttinda, jafnréttis og þátttöku á öllum sviðum og virðingar sem menningarsamfélag (Valgerður Stefánsdóttir o.fl., 2019).

Venade de Sousa (2020) hefur lagt áherslu á að táknmál séu ekki einungis til samskipta heldur séu þau einnig grunnur að aðgengi að þekkingu, mótun sjálfsmyndar og að málréttindum. Markmið laga nr. 61/2011 eru að vernda mál og stuðla að notkun þess í lífi málnotenda. Ríki og sveitarfélög skulu samkvæmt þeim tryggja að ÍTM sé jafnrétthátt íslensku sem tjáningarform í samskiptum manna í milli og að þjónusta á íslensku táknmáli sé aðgengileg. Með því að leggja skyldur á ríki og sveitarfélög við að stuðla að notkun og verndun íslensks táknmáls má ályktа að lögunum hafi verið ætlað að bæta við mál- og mannréttindi þeirra sem tala íslenskt táknmál og að aðgengi að þjónustu á ÍTM verði komið á við endurskoðun löggjafar, s.s. um meðferð einkamála og sakamála, um skólamál, í lögum um félagsþjónustu og stjórnsýslulögum.

Engin úttekt er aðgengileg frá ráðuneyti um hvernig lögum nr. 61/2011 er framfylgt, hvernig einstakar stjórnsýslustofnanir túlka lögin eða hvort tillit hafi verið tekið til þeirra við setningu og endurskoðun laga.

1.1.2. Þingsályktun um málstefnu íslensks táknmáls 2024–2027 og aðgerðaáætlun nr.10/154

Þingsályktun um málstefnu íslensks táknmáls 2024–2027 og aðgerðaáætlun nr.10/154 var samþykkt á Alþingi þann 20. mars 2024. Alþingi ályktar þar að íslenskt táknmál sé hefðbundið minnihlutamál og fyrsta mál þeirra sem þurfa að reiða sig á það til tjáningar og samskipta og barna þeirra, sbr. lög um stöðu íslenskrar tungu og íslensks táknmáls. Stjórnvöld stuðli að þróun, rannsóknum, kennslu og útbreiðslu íslensks táknmáls og styðji að öðru leyti við menningu og menntun táknmálsfólks og táknmálsbarna. Til þess að ná því tekur málstefnan til eftirtalinna sex meginstoða:

Hverri stoð er lýst nánar. Aðgerðaáætlun málstefnunnar miðast við nauðsynlegar aðgerðir sem tilteknar eru undir hverri stoð frá 2024–2027. Ábyrgðaraðili aðgerða er tiltekinn á hverju sviði en ekki fjármögnun aðgerðanna. Að tímabilinu loknu skal endurskoða málstefnuna og aðgerðaáætlunina. Árlega var veitt 37,5 millj. kr. til SHH vegna aðgerða sem sú stofnun ber ábyrgð á en fjöldi annarra aðgerða var ófjármagnaður (Kristín Lena Þorvaldsdóttir, munnleg heimild, 13. janúar 2026).

1.2. Réttur til máls og aðgengi að þjónustu

1.2.1. Lög um réttindi sjúklinga nr. 74/1997

Í 5. gr. laga um réttindi sjúklinga nr. 74/1997 segir að sjúklingi sem notar táknmál skuli tryggð túlkun á upplýsingum um heilsufar, ástand og batahorfur, fyrirhugaða meðferð og afleiðingar ef ekkert verður aðhafst. Upplýsingarnar skulu gefnar „jafnóðum og tilefni skapast og á þann hátt og við þau skilyrði að sjúklingur geti skilið þær.“ Hins vegar segir í 4. gr. reglugerðar um túlkun á upplýsingum um heilsufar og meðferð fyrir sjúklinga nr. 1145/2015 að „Telji heilbrigðisstarfsmaður að sjúklingur sem ekki talar íslensku eða notar táknmál þurfi aðstoð túlks til þess að meðtaka og skilja upplýsingar um heilsufar og meðferð, sbr. 5. gr. laga um réttindi sjúklinga, skal heilbrigðisstarfsmaður kveðja til túlk." Með því að reglugerðin gefi heilbrigðisstarfsmanni rétt til þess að ákveða hvort sjúklingur fái túlk er rétturinn til máls tekinn af honum og aðgengi að þjónustu skert. Þá beinast lögin eingöngu að rétti sjúklinga til þjónustu en ekki að málréttindum aðstandenda sem tala ÍTM.

1.2.2. Lög um leikskóla nr. 20/2008

Lög um leikskóla nr. 20/2008 skilgreina ÍTM ekki sem kennslumál. Í reglugerð um starfsumhverfi leikskóla nr. 655/2009 og námskrá leikskóla er ekki talað sérstaklega um íslenskt táknmál. Þrátt fyrir að lög nr. 61/2011 segi að réttur til þjónustu skuli útfærður í öðrum lögum eins og til dæmis löggjöf um skólamál hafa lögin ekki verið endurskoðuð. Hvorki er í lögum né námskrá leikskóla tiltekið sérstaklega að sinna skuli málörvun á ÍTM, andlegum eða vitsmunalegum þörfum ÍTM barna eða hæfni þeirra til mannlegra samskipta og öðru því sem fram kemur í markmiðsgrein laganna.

Þrátt fyrir það sinnir einn sérhæfður leikskóli mállegum þörfum ÍTM barna. Markmiðsgreinar laganna um málörvun og máluppeldi eru túlkaðar þannig af stjórnendum að skólanum beri að bjóða upp á tvítyngdan leikskóla þar sem

kennarar og börn tali ÍTM og íslensku ef takast eigi að sinna þörfum allra barnanna.

1.2.3. Lög um grunnskóla nr. 91/2008

Í 13. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008 segir að allir nemendur eigi rétt á kennslu við sitt hæfi í hvetjandi námsumhverfi og að tekið sé mið af þörfum þeirra og almennri vellíðan. Í Aðalnámskrá grunnskóla 1999 voru í fyrsta sinn sett ákvæði um mikilvægi þess að heyrnarlausir nemendur fái að læra og þroskast á eigin forsendum og sett eru fram markmið í táknmáli eins og öðrum námsgreinum. Í Aðalnámskrá grunnskóla frá 2013 segir í kafla 19.7 um íslensku: „Traust kunnátta í íslensku táknmáli og íslensku er ein meginundirstaða staðgóðrar menntunar heyrnarlausra og heyrnarskertra“ og er móðurmálskennsla þeirra skilgreind sem heildstæð námsgrein, *tvítyngi íslensks táknmáls og íslensku (Aðalnámskrá 2013).* Auk þess kemur fram að íslenskt táknmál, íslenskt ritmál og jafnvel íslenskt raddmál sé fellt inn í allar námsgreinar. Þá er kveðið á um að táknmálsnemendur eigi að fá tækifæri til þess að nota íslenskt táknmál við nám í öllum námsgreinum eins og við verður komið. Lögð er áhersla á að gott vald á íslensku táknmáli sé undirstaða náms í íslensku jafnt og öðrum tungumálum og nýtist í öllum öðrum námsgreinum.

Þrátt fyrir að íslenskt táknmál hafi komið inn í námskrá sem sérstök námsgrein árið 1999 hefur enn ekki verið samið námsefni til móðurmálskennslu í íslensku táknmáli. Eftir að námsgreininni *tvítyngi íslensks táknmáls og íslensku* var lýst í námskrá 2013 var hvorki gefið út námsefni í íslensku táknmáli né íslensku til þess að nota við kennslu þeirrar námsgreinar. Við endurskoðun á aðalnámskrá grunnskóla 2022–2024 var 19. kaflinn endurskoðaður en táknmálshluta kaflans var sleppt við þá endurskoðun. Þá hafa kennarar grunnskólans ekki haft aðgang að menntun til þess að taka að sér kennslu í námsgreininni tvítyngi íslensks táknmáls og íslensku.

Rannsókn á stöðu íslensks táknmáls í menntun barna sýnir að oft er ekki litið á ÍTM eins og tungumál jafnrétthátt íslensku til samskipta og lítil þekking er á menningarheimi ÍTM fólks. Þrátt fyrir lagalega viðurkenningu málsins og að námskrá lýsi rétti barna til tvítyngiskennslu íslensks táknmáls og íslensku er því ekki alltaf fylgt. Mörg börn, sem lög nr. 61/2011 ná til, eru í almennum skóla þar sem íslenska er ráðandi mál og ÍTM er jaðarsett. Í rannsókninni kom fram að sérkennari hefði spurt döff foreldri heyrandi barns

að því hvort talað væri annað mál á heimilinu en íslenska. Þegar foreldrið svaraði að fjölskyldan talaði íslenskt táknmál heima hefði kennarinn svarað útskýrandi *nei, ég meina annað tungumál eins og ensku eða þýsku*. Kennarinn leit því ekki á ÍTM sem raunverulegt tungumál (Valgerður Stefánsdóttir og Rannveig Sverrisdóttir, 2025).

Einn grunnskóli í Reykjavík hefur táknmálssvið og sérhæfir sig í kennslu táknmálsbarna. Íslenskt táknmál er þó jafnframt jaðarsett þar, því í skólanum eru fleiri en 600 börn sem tala íslensku en einungis um 20 táknmálsbörn. Þar af eru sex börn með ÍTM en 14 með erlend táknmál að móðurmáli, flest frá Austur–Evrópu, s.s. rússneskt, litháískt eða úkraínskt táknmál. Kennslan fer fram á ÍTM, en táknmálsnemendur tala saman sín á milli á eigin táknmálum (Berglind Stefánsdóttir, 27. janúar 2026, munnleg heimild).

1.2.4. Lög um framhaldsskóla nr. 92/2008

Í 34. gr. laga um framhaldsskóla nr. 92/2008 segir að í reglugerð skuli kveðið á um rétt heyrnarskertra eða heyrnarlausra nemenda til sérstakrar kennslu í íslensku táknmáli. Í reglugerð um nemendur með sérþarfir í framhaldsskólum nr. 230/2012 segir í 5. gr. að **nemendur eigi rétt á „aðgangi að viðeigandi samskiptamáta, s.s. táknmáli“ og í 6. gr. að „Nemendur sem hafa þörf fyrir táknmál skulu eiga þess kost að læra og nota íslenskt táknmál í framhaldsskólum, samkvæmt lögum nr. 61/2011 um stöðu íslenskrar tungu og íslensks táknmáls“.** Heyrnarskertir, heyrnarlausir og daufblindir nemendur eiga, skv. reglugerðinni, rétt á kennslu við hæfi í íslensku táknmáli sem fyrsta máli og þá er framhaldsskóla heimilt að meta íslenskt táknmál og íslenskt punktaletur til eininga í frjálsu vali eða til eininga í stað erlends tungumáls. Reglugerðin gildir óháð því hvort hlutaðeigandi framhaldsskóli er rekinn af ríkinu eða öðrum aðila. **Námskrá fyrir framhaldskóla eða námskrá fyrir sérdeildir framhaldsskóla skilgreina ekki nám í íslensku táknmáli eða aðgang nemenda að því. Enginn aðili hefur það hlutverk að bjóða upp á stöðupróf í ÍTM til að framhaldsskólar geti metið færni í ÍTM til eininga. Ekkert námsefni hefur verið samið á ÍTM fyrir framhaldsskóla og ekkert námsefni í neinni námsgrein fyrir framhaldsskólann hefur verið þýtt á ÍTM. Rétti nemenda til ÍTM sem tilgreindur er í reglugerð er fylgt eftir með túlkaþjónustu en ekki með beinum aðgangi að samskiptum á ÍTM.**

1.2.5. Lög um lýðskóla nr. 65/2019

ÍTM er ekki nefnt í lögum um lýðskóla nr. 65/2019. Ekki hefur verið gerð námskrá fyrir lýðskóla en í greinargerð um frumvarpið er vísað til þess að námskrá skuli taka tillit til laga um stöðu íslenskrar tungu og íslensks táknmáls nr. 61/2011.

1.2.6. Lög um Ríkisútvarpið, fjölmiðil í almanna þágu nr. 23/2013

Í 6. gr. laga um Ríkisútvarpið, fjölmiðil í almannaþágu nr. 23/2013 stendur að **Ríkisútvarpið skuli veita heyrnarskertum aðgang að fjölmiðlaþjónustu í almannaþágu með textun á fréttum og öðru sjónvarpsefni, með textavarpi, útsendingum á táknmáli og/eða öðrum miðlunarleiðum er henta í þessu skyni og eru í samræmi við tæknilega möguleika á hverjum tíma**. Þá segir í sömu grein að ef rof verði á dagskrá eða fréttatímar verði sendir út við sérstakar aðstæður skuli Ríkisútvarpið gera mikilvæg skilaboð og fréttir aðgengilegar heyrnarskertum með táknmálstúlkun og/eða textun. Hér eru málréttindi táknmálsfólks ekki virt með því að nóg sé að gefa mikilvæg skilaboð á íslensku. Jafnframt er ákvæði til bráðabirgða um að þegar hliðrænt dreifikerfi Ríkisútvarpsins fyrir sjónvarp verði lagt niður og dreifing verði að öllu leyti stafræn sé Ríkisútvarpinu heimilt að hætta útsendingu sérstakra frétta á táknmáli ef aðalfréttatímar sjónvarps verða táknmálstúlkaðir.

Ríkisútvarpið er hætt útsendingu sérstakra frétta á táknmáli en sendir aðalfréttatíma sjónvarps út táknmálstúlkaðan á RÚV 2. Á árinu 2025 hefur táknmálstúlkun á aðalfréttatíma sjónvarps verið raskað 81 sinni. Ástæðan er oftast sú að túlkun, sem senda á út á RÚV 2, er látin víkja fyrir íþróttum. Túlkaður fréttatími er fluttur á netið, sem mörgum reynist erfitt að finna eða er sendur út seinna sem hefur numið frá fimm mínútum og upp í um þrjár klukkustundir (Árný Guðmundsdóttir, 24. janúar 2026, munnleg heimild).

1.2.7. Lög um fjölmiðla nr.38/2011

Lög um fjölmiðla nr. 38/2011 gilda um alla fjölmiðla og fjölmiðlaveitur sem hafa staðfestu hér á landi eða miðla efni sem ætlað er almenningi. Þau gilda því um allt hljóð- og myndefni í læstri eða ólæstri dagskrá, línulegri dagskrá eða eftir pöntun óháð þeirri dreifileið sem valin hefur verið. Í 30. gr. með breytingum (Lög nr. 27/2024, 16. gr.) er m.a. fjallað um aðgengi heyrnarskertra að myndmiðlunarefni og þar kemur fram að

fjölmiðlaveitur skuli **stöðugt og stigvaxandi gera þjónustu sína aðgengilega með m.a. táknmáli, textun og hljóðlýsingu**. Í 31. gr. með breytingum er fjölmiðill svo skyldaður til þess að tryggja aðgengi heyrnarskertra, m.a. með táknmáli eða textun (Lög nr. 27/2024, 17. gr.) ef rjúfa þarf línulega dagskrá og miðla tilkynningum frá almannavörnum, löggæslu, slysavarnafélögum eða hjálparsveitum. Í óformlegri athugun á reynslu nokkurra viðmælenda af textun á íslensku á öðrum fjölmiðlaveitum kemur fram að þjónusta þeirra sé hvorki gerð aðgengileg með táknmáli fyrir ÍTM fólk né textun fyrir heyrnarskerta.

1.2.8. Lög um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018

Í 26. gr. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018 segir um hæfi starfsfólks að þar sem þörf krefji skuli ráða starfsfólk sem talar íslenskt táknmál. Reynslan hefur sýnt að þessi grein nær ekki að tryggja ÍTM fólki með langvarandi stuðningsþarfir málréttindi þar sem orðalagið „þörf krefji“ leggur mat á *þörf* í hendur fólks sem hefur ekki þekkingu á íslensku táknmáli eða mikilvægi málsins fyrir fólk með langvarandi stuðningsþarfir og heyrnarskerðingu.

1.2.9. Lög um meðferð einkamála nr. 91/1991

Í 4. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991 er kveðið á um að gefi maður, sem reiði sig á íslenskt táknmál til samskipta, skýrslu fyrir dómi skuli aðilinn sem hlutast til um skýrslugjöfina kalla til táknmálstúlk. Þóknun og annar kostnaður vegna starfa táknmálstúlks greiðist úr ríkissjóði.

1.2.10. Lög um meðferð sakamála nr. 88/2008

Í 12. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008 segir að ákæruvaldið skuli sjá um að kalla til táknmálstúlk ef maður, sem reiðir sig á íslenskt táknmál til samskipta, gefur skýrslu fyrir dómi og skal þóknunin og annar kostnaður vegna starfa hans greiðast úr ríkissjóði.

1.2.11. Lög um jafna meðferð utan vinnumarkaðar nr. 85/2018

Lög um jafna meðferð utan vinnumarkaðar nr. 85/2018 gilda um jafna meðferð einstaklinga óháð kynþætti, þjóðernisuppruna, trú, lífsskoðun, fötlun, aldri, kynhneigð, kynvitund, kyneinkennum eða kyntjáningu og markmið þeirra er að vinna gegn

mismunun og koma á og viðhalda jafnri meðferð einstaklinga óháð þessum þáttum á öllum sviðum samfélagsins, utan vinnumarkaðar. **Hvergi er minnst á íslenskt táknmál eða döff fólk og stöðu þess.** Engin önnur lög tryggja möguleika fólks á að eiga samskipti í gegnum íslenskt táknmál utan vinnumarkaðar en það er forsenda jafnrar meðferðar og nauðsynlegt til þess að koma í veg fyrir „mismunun eftir því hvort málið það notar“ (Lög nr. 61/2011).

1.2.12. Lög um jafna meðferð á vinnumarkaði nr. 86/2018

Lögum um jafna meðferð á vinnumarkaði nr. 86/2018 er ætlað að stuðla að virkri þátttöku sem flestra á vinnumarkaði og koma í veg fyrir félagslega einangrun einstaklinga. Til þess að ná því kveða lögin skýrt á um bann við allri mismunun fólks á vinnumarkaði, hvort heldur beina eða óbeina, á grundvelli kynþáttar, þjóðernisuppruna, trúar, lífsskoðunar, fötlunar, skertrar starfsgetu, aldurs, kynhneigðar, kynvitundar, kyneinkenna eða kyntjáningar. Fram kemur að markmið laganna sé einnig að sporna við því að skoðanir á mismunandi verðleikum kynþátta festi hér rætur.

Hvorki lög nr. 85/2018 né nr. 86/2018 nefna ÍTM eða döff fólk og „tunga“ er ekki nefnd sem grundvöllur hugsanlegrar mismununar í lögunum. Engin önnur lög tryggja möguleika á að eiga samskipti í gegnum íslenskt táknmál á vinnumarkaði en það er forsenda jafnrar meðferðar fólks og nauðsynlegt til þess að koma í veg fyrir „mismunun eftir því hvort málið það notar“ (Lög nr. 61/2011). Heiðdís Dögg Eiríksdóttir formaður Félags heyrnarlausra, bendir á að með því að útiloka ÍTM fólk á Íslandi kerfisbundið frá fullri þátttöku á vinnumarkaði sé brotið gegn grundvallarforsendum jafnræðis og virkrar þátttöku. Slík staða sé jafnframt í beinni andstöðu við skuldbindingar Íslands samkvæmt **Samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks**, sérstaklega 27. grein um rétt til atvinnu. Í norrænum samanburði standi Ísland eitt eftir þar sem önnur Norðurlönd hafi viðurkennt táknmál sem forsendu jafnræðis í atvinnulífi og tryggt með skýrum hætti að ÍTM fólk geti tekið þátt á eigin forsendum.

Með táknmálstúlkaþjónustu má færa atvinnulífinu einstaka þekking og reynslu ÍTM samfélagsins

Afleiðingin er að hennar mati tvíþætt: annars vegar brot á mannréttindum döff einstaklinga og hins vegar markviss sóun á mannauði. Bauman og Murray (2014) hafi lýst döff ágóða sem felst til dæmis í sjónrænni hugsun, handvirkri hugsun, alþjóðleika, samkennd og framlagi í gegnum tungumál og rýmisgreind. Hún bendir á að án túlkaþjónustu í atvinnulífi verði samfélagið af þessum sérstaka ágóða. Einangrunin og vanmat á döff fólki með útilokun frá atvinnulífinu hafi einnig áhrif á andlega heilsu eftir að hafa notið sérhæfðar menntunar með túlkun (Heiðdís Dögg Eiríksdóttir, munnleg heimild, 20. janúar 2026). Túlkun er veitt í skólakerfinu en eftir útskrift eiga döff einstaklingar ekki rétt á túlkun í atvinnulífinu.

1.3. Stofnanir og nefndir

Lög um Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra nr. 129/1990 voru sett í lok árs 1990. **Markmið laganna var að stuðla að jafnrétti heyrnarlausra til þjónustu sem víðast í þjóðfélaginu á grundvelli táknmáls.** Hlutverk stofnunarinnar snýst um rannsóknir á íslensku táknmáli, kennslu táknmáls, táknmálstúlkun og aðra þjónustu. Nánar er kveðið á um þjónustu stofnunarinnar í reglugerð nr. 1058/2003.

Verkefni Samskiptamiðstöðvar ná yfir vítt svið og víða vantar fjármögnun til dæmis eins og í táknmálstúlkaþjónustu sem stofnunin veitir samkvæmt gjaldskrá, gegn gjaldi eða endurgjaldslaust. Endurskoðun laga um Samskiptamiðstöð eru löngu tímabær og hafa verið uppi áform um breytingar á þeim án þess að það hafi verið gert, sjá til dæmis greinargerðina Áform um lagasetningu – sbr. samþykkt ríkisstjórnar frá 10. mars 2017, 1.–4. gr., og í aðgerð E1 í aðgerðaáætlun málstefnu um íslenskt táknmál.

Í lögum um stöðu íslenskrar tungu og íslensks táknmáls nr. 61/2011 segir í 7. gr. að starfrækja skuli **Málnefnd um íslenskt táknmál**. Hlutverk hennar er að vera stjórnvöldum til ráðuneytis um hvað eina er varðar íslenskt táknmál og stuðla að eflingu íslensks táknmáls og notkun þess í íslensku þjóðlífi. Jafnframt stendur að ráðherra setji reglugerð um nánari starfsemi málnefndar um íslenskt táknmál. Reglugerðin hefur ekki verið sett.

A. MÁLSTEFNUR

Fjallað var um Þingsályktun um málstefnu íslensks táknmáls 2024–2027 og aðgerðaáætlun *nr.10/154* hér fyrir ofan.

Í **málstefnu Stjórnarráðs Íslands**, sem samþykkt var 16. nóvember 2012, er vitnað í 3. gr. laga nr. 61/2011 um stöðu íslenskrar tungu og táknmáls, að íslenskt táknmál sé fyrsta mál þeirra sem þurfa að reiða sig á það til tjáningar og samskipta og barna þeirra og jafnframt sagt að skv. 13. gr. áðurnefndra laga skuli Stjórnarráð Íslands leitast við að tryggja að allir sem þess þurfa eigi þar kost á þjónustu á íslensku táknmáli. Í því skyni skuli þeim sem komi til starfa hjá Stjórnarráðinu sérstaklega bent á lögbundnar skyldur stjórnvalda, jafnt ríkis og sveitarfélaga, að því er varðar íslenskt táknmál sem lýst er í fyrrgreindum lögum.

Þá kemur fram í gr. 2.2.að Stjórnarráð Íslands skuli gæta þess að grunnupplýsingar um starfsemi ráðuneytanna séu aðgengilegar á íslensku táknmáli og leitast við að fréttir, fræðsluefni, kynningarefni og annað efni þess ætlað íslenskum borgurum sé aðgengilegt á íslensku táknmáli ef þörf krefur. Efnið skal vera auðfundið og tæknilega vel frá gengið á vef Stjórnarráðsins.

Í **málstefnu Háskóla Íslands,** sem samþykkt var á háskólaþingi 26. apríl og í háskólaráði 2. nóvember 2023, kemur fram um útfærslu og framkvæmd 12. að: „Þörfum

táknmálstalandi stúdenta og starfsfólks sé mætt þannig að notendur íslenska táknmálsins geti nýtt táknmálið til jafns við íslensku við nám og störf í Háskólanum. Táknmálstúlkar séu tiltækir þegar þeirra er þörf, bæði í kennslustundum og öðrum samskiptum starfsfólks og stúdenta, svo og á fundum og fyrirlestrum ef við á.“

Í sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011, 130. gr. um málstefnu segir að sveitarstjórn móti sveitarfélaginu málstefnu í samráði við Íslenska málnefnd og eftir atvikum Málnefnd um íslenskt táknmál. Þar skal koma fram að öll gögn liggi fyrir á íslensku svo sem kostur er og gerð grein fyrir heimilum undantekningum á þeirri reglu. **Þar skulu settar reglur um notkun íslensks táknmáls í gögnum og starfsemi sveitarfélagsins.** Samkvæmt Áætlun sveitarfélaga um jafnréttismál (2022) skulu sveitarfélög setja sér jafnréttisáætlun sem byggir á lögum nr. 150/2020 um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna, lögum nr. 86/2018 um jafna meðferð á vinnumarkaði og lögum nr. 85/2018 um jafna meðferð utan vinnumarkaðar. **Engin þessara laga nefna skyldur með tilliti til ÍTM þrátt fyrir lög nr. 61/2011.**

Í Þingsályktun um stefnumótandi áætlun í málefnum sveitarfélaga fyrir árin 2024–2038 og aðgerðaáætlun fyrir árin 2024–2028, sem samþykkt var á Alþingi 5. desember 2023, er talað um jafnrétti og lýðræðisþátttöku. Í lið 14 er talað um vilja til þess að auka fjölbreytni í starfsmannahópi sveitarfélaga, bæta þjónustu og stuðning við innflytjendur ásamt því að stuðla að virkara fjölmenningarsamfélagi og í lið 15 að unnið verði að frekari þróun þjónustu við fatlað fólk. **Hvergi er minnst á íslenskt táknmál eða þjónustu við táknmálsfólk.**

B. MENNTASTEFNA

Þingsályktun um menntastefnu fyrir árin 2021–2030 var samþykkt á Alþingi 24. mars 2021. Þar er í C lið: Hæfni fyrir framtíðina, lögð áhersla á framþróun íslensks máls og táknmáls. Í Menntastefnu til ársins 2030, sem gefin er út af Mennta- og barnamála-ráðuneyti árið 2022, kemur fram að markmið hennar sé að veita framúrskarandi menntun í umhverfi þar sem allir geta lært og allir skipta máli. Í kafla um framþróun íslenskunnar kemur fram að með menntastefnu eigi að standa vörð um og auka áhuga á íslenskri tungu og menningu hjá öllum kynslóðum. Á einum stað er íslensku táknmáli skotið inn þar sem segir: „Tryggja þarf að íslenska og íslenskt táknmál verði notað á

öllum sviðum samfélagsins, íslenskukennsla verði efld á öllum skólastigum og að framtíð íslenskrar tungu í stafrænum heimi verði tryggð.“ **Engin áhersla er lögð á kennslu í íslensku táknmáli, framtíð þess í stafrænum heimi eða annað sem nauðsynlegt er til þess að táknmálsbörn skipti máli eða skapað sé umhverfi þar sem þau geti lært. ÍTM er ekki nefnt í aðgerðaáætlunum þessarar menntastefnu, hvorki í 1. né 2. aðgerðaáætlun.** Í Leiðarvísi um stuðning við móðurmál og virkt fjöltyngi í skóla- og frístundastarfi er heldur ekki minnst á ÍTM en mikið fjallað um mikilvægi þess að virða fjöltyngi barna og önnur mál þeirra.

C. GILDISSVIÐ OG ÁBENDINGAR

Í 7. gr. laga um stöðu íslenskrar tungu og íslensks táknmáls þar sem fjallað er um hlutverk Málnefndar um íslenskt táknmál segir að hún eigi að vera stjórnvöldum til ráðuneytis um hvað eina er varðar íslenskt táknmál og stuðla að eflingu íslensks táknmáls og notkun þess í íslensku þjóðlífi. Í krafti þessa ákvæðis hefur Málnefndin sent bréf til ráðuneyta og stofnana þegar ekki er fylgt regluverki sem smíðað hefur verið um íslenskt táknmál og bent á að hægt sé að fá ráðgjöf um málefni íslensks táknmáls hjá Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra og Málnefnd um íslenskt táknmál.

Oft hefur slíkum erindum lítt eða ekki verið svarað. Ekki er kveðið á um það í lögunum hvað nefndin á til bragðs að taka ef fyrirtæki eða stofnanir bæta ekki ráð sitt. Engin sektarákvæði eru og ábendingar nefndarinnar og birting þeirra á Facebook-síðu málnefndarinnar hafa takmarkað gildi.

Félags- og húsnæðismálaráðuneyti stóð á árinu 2025 fyrir vitundarvakningu um félagslega einangrun undir yfirskriftinni **Tölum saman**. Verkefnið var einnig kynnt á ensku og pólsku en ekki á íslensku táknmáli eða var beint að döff fólki en vitundarvakning ráðuneytisins hefði átt erindi til hópsins þar sem táknmálsfólk er einangrað frá ýmsum samskiptum í samfélaginu. Málnefnd um íslenskt táknmál vakti af því tilefni athygli ráðuneytisins á Málstefnu Stjórnarráðs Íslands sem samþykkt var á fundi ríkisstjórnar á degi íslenskrar tungu, 16. nóvember 2012. Fram kemur í grein 1.1.:

„Stjórnarráð Íslands leitast við að tryggja að allir sem þess þurfa eigi þar kost á þjónustu á íslensku táknmáli, skv. 13. gr. áðurnefndra laga. Þeim sem koma til starfa hjá

Stjórnarráðinu skal sérstaklega bent á lögbundnar skyldur stjórnvalda, jafnt ríkis og sveitarfélaga, að því er varðar íslenskt táknmál sem lýst er í þessum lögum.“

Ábendingu málnefndar hefur ekki verið sinnt.

Jafnréttisstofa opnaði síðu undir heitinu „Burt með mismunun“ sem er upplýsingasíða sem á brýnt erindi við táknmálsfólk til dæmis vegna þess að réttur til táknmálstúlkunar innan og utan vinnumarkaðar er ekki lögfestur. Einnig er regluverki sem smíðað hefur verið um íslenskt táknmál í mörgum tilvikum ekki fylgt af stjórnvöldum og stofnunum sem jaðarsetur hópinn sömuleiðis. Málnefnd um íslenskt táknmál vakti athygli Jafnréttisstofu á því að táknmálsfólk hefði ekki jafnan aðgang og aðrir landsmenn að umfjöllun síðunnar um mismunun þar sem hún væri ekki sett fram á íslensku táknmáli.

Jafnréttistofa svaraði erindi málnefndarinnar í júní 2025 með kærum þökkum fyrir mikilvæga ábendingu og kvaðst gera úrbætur eins fljótt og kostur væri. Engar úrbætur hafa verið gerðar.

Heimili og skóli fékk framlag frá Mennta- og barnamálaráðuneyti til þess að veita annars vegar ráðgjöf og stuðning við foreldra með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn og samtök þeirra, *Móðurmál, samtök um tvítyngi* og hins vegar til þess að taka virkan þátt með ráðgjöf og fræðslu í aðgerðum stjórnvalda gegn ofbeldi meðal barna. Í frétt frá ráðuneyti um málið segir að samtökin gegni mikilvægu hlutverki í innleiðingu Menntastefnu 2030 og samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna, með virkri þátttöku foreldra. Málnefnd sendi Heimili og skóla ábendingu vegna táknmálsfólks og barna með tvítyngi íslensks táknmáls og íslensku. Þar sem í Menntastefnu 2030 er ekki fjallað sérstaklega um börn sem hafa tvítyngi íslensks táknmáls og íslensku að móðurmáli og engin aðgerð í núgildandi aðgerðaáætlun snýr að þessum hópi er ólíklegt að samtökin átti sig á mikilvægi þess að tryggja aðgengi þessa hóps barna og foreldra þeirra að þeim gögnum sem útbúin verða fyrir viðbótarframlag frá stjórnvöldum.

Málnefndin benti á að þrátt fyrir skýr ákvæði í lögum, námskrám og málstefnum farist oft fyrir að fylgja því regluverki sem smíðað hefur verið um íslenskt táknmál. Táknmálsfólk og börn, sem samkvæmt námskrá er stefnt á að verði tvítyngd á íslensku táknmáli og íslensku, gleymist iðulega og séu einangruð frá ýmsum samskiptum í

samfélaginu. Því ætti ráðgjöf Heimilis og skóla einkar vel erindi til hópsins. Ábendingu málnefndar hefur ekki verið sinnt.

Mennta- og barnamálaráðherra fékk ábendingu vegna stöðu barna með tvítyngi íslensks táknmáls og íslensku þar sem ekki er fjallað um þau og þarfir þeirra í Menntastefnu til ársins 2030. Engin aðgerð í núgildandi aðgerðaáætlun snýr að þessum hópi. Það er í andstöðu við markmið stefnunnar um jöfn tækifæri til náms og þroska, án mismununar. Starfshópur sem vann drög að málstefnu íslensks táknmáls gerði athugasemdir við að íslenskt táknmál væri ekki í menntastefnunni. Þær hafa ekki verið teknar til greina.

Málnefndin benti Mennta- og barnamálaráðherra á að brýnt væri að í menntastefnu yrði tekist á við ástandið sem ríkir í menntun barna sem stefnt er á að verði tvítyngd á íslensku og íslenskt táknmál. Í aðgerðaáætlunum menntastefnunnar sé til dæmis einungis miðað við íslenskufærni kennara og barna en hvergi færni í íslensku táknmáli og íslensku. Fór málnefndin fram á að við gerð þriðju aðgerðaáætlunar fyrir menntastefnu verði tilgreindar aðgerðir í þágu íslensks táknmáls og táknmálsbarna – í samræmi við þingsályktun um málstefnu íslensks táknmáls. Þetta verði gert á sambærilegan hátt og gert hefur verið í fyrstu aðgerðaáætlun fyrir íslensku í samræmi við þingsályktun um að efla íslensku sem opinbert mál. Málnefndin vakti auk þess athygli Mennta- og barnamálaráðuneytis á Málstefnu Stjórnarráðs Íslands sem samþykkt var á fundi ríkisstjórnar á degi íslenskrar tungu, 16. nóvember 2012. Þar er bent á að í 3. gr. laga nr. 61/2011sé kveðið á um að íslenskt táknmál sé fyrsta mál þeirra sem þurfa að reiða sig á það til tjáningar og samskipta og barna þeirra. Stjórnarráð Íslands skuli leitast við að tryggja að allir sem þess þurfa eigi kost á þjónustu á íslensku táknmáli, skv. 13. gr. laganna. Þeim sem koma til starfa hjá Stjórnarráðinu skal sérstaklega bent á lögbundnar skyldur stjórnvalda, jafnt ríkis og sveitarfélaga, að því er varðar íslenskt táknmál sem lýst er í þessum lögum. Ábendingu málnefndar hefur ekki verið sinnt og ekki heldur ósk um viðtal við ráðherra vegna þess að aðgerðir í þágu ÍTM fyrirfinnist ekki í menntastefnu.

Embætti landlæknis gaf út *ráðleggingar um mataræði* í samræmi við hlutverk sitt við að stuðla að heilbrigði landsmanna. Þær má finna annars vegar í bæklingi og hins vegar í textum á heimasíðu Landlæknis sem er á island.is: https://island.is/mataraedi-radleggingar-landlaeknis. Málnefnd um íslenskt táknmál vakti athygli embættisins á því

að táknmálsfólk hefur ekki jafnan aðgang að þessu efni og aðrir landsmenn þar sem það er ekki sett fram á íslensku táknmáli. Bent var á að island.is hefði skapað táknmálsviðmót fyrir allar síður ríkisaðila og einnig hvar mætti fá þýðingarþjónustu á íslenskt táknmál. Þrátt fyrir að þessu efni sé beint til *allra landsmanna* hefur efnið ekki verið birt á íslensku táknmáli. Ábendingu málnefndar hefur ekki verið sinnt.

Það heyrir til undantekninga að stjórnvöld birti upplýsingar sem ætlaðar eru *öllum Íslendingum* á íslensku táknmáli. Þær eru birtar á íslensku og oft á öðrum raddmálum sem ekki hafa lagalega stöðu á Íslandi.

D. UMSAGNIR UM ÞINGMÁL

144. mál, þingsályktunartillaga um bókmenntastefnu fyrir árin 2025–2030.

Málnefnd um íslenskt táknmál bendir á í umsögn sinni um þingsályktunartillögu um bókmenntastefnu að sömu lög eigi við um stöðu íslenskrar tungu og íslensks táknmáls og að sömu aðferðir gildi við að efla og styrkja bæði málin enda eigi þær við um öll tungumál. Málið næri menninguna og menningin næri málið. Í umsögn sinni lagði málnefnd til að íslensku táknmáli verði bætt við texta bókmenntastefnu með það að markmiði að ÍTM bókmenntir eigi möguleika á að eflast og þróast með styrkjum í ÍTM bókmenntaverk. Fulltrúar málnefndar og Félags heyrnarlausra voru kallaðir á fund þingnefndar vegna málsins.

157. löggjafarþing 2025–2026. Þingskjal 362 — 264. mál. Stjórnarfrumvarp.

Í umsögn um frumvarp til laga um aðgengi að vefsetrum og smáforritum opinberra aðila var lögð áhersla á að nauðsynlegt sé, til þess að tryggja aðgengi ÍTM fólks, að forritin hafi táknmálsviðmót, þannig að fólk sem á íslenskt táknmál sem sitt fyrsta mál njóti einnig aðgengis að vefsetrum og smáforritum opinberra aðila í samræmi við Málstefnu Stjórnarráðs Íslands. Ábendingu málnefndar hefur ekki verið svarað.

E. UPPLÝSINGAR Í ALMANNARÝMI

Upplýsingar á íslensku táknmáli eru ekki birtar í almannarými. Með því að ÍTM væri sýnilegt í almannarými næðist að virkja nokkrar meginstoðir málstefnu um ÍTM. Málnefnd um íslenskt táknmál hefur óskað eftir liðsinni Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins til þess að vinna að því að birta á heilsugæslustöðvum upplýsingar á íslensku táknmáli og með því ná að virkja þrjár af sex meginstoðum málstefnu um íslenskt táknmál. Þær snúast um máltöku táknmálsbarna, jákvætt viðhorf til íslensks táknmáls og það að auka notkunarsvið málsins í samfélaginu.

Máltaka barna er einn stærsti þáttur í farsæld þeirra og heilsugæslan getur á margan hátt lagt sitt af mörkum til þess að skapa jákvætt viðhorf til málsins og að auka notkunarsvið þess með því að hafa það sýnilegt með viðeigandi og skilvirkri upplýsingatækni. Þá er heilsugæslan viðkomustaður margra sem lifa við skerta heyrn en vita ekki af möguleikum sínum eða réttindum til þess að læra íslenskt táknmál. Með áberandi upplýsingum hjá heilsugæslunni mætti því koma til móts við marga. Enn ríkari ástæða er

fyrir heilsugæsluna að sinna skyldum sínum við ÍTM fólk eftir að verkefni Heyrnar- og talmeinastöðvar færast til heilsugæslunnar.

Málnefndin óskaði eftir fundi með heilsugæslunni til þess að ræða hvernig heilsugæslan gæti tekið þátt í að vinna að aukinni notkun og sýnileika íslensks táknmáls og haft áhrif á viðhorf til þess á jákvæðan hátt. Ekki hefur enn verið brugðist við þessu erindi málnefndarinnar.

F. MÁLSMÁNUN

Þrátt fyrir að ÍTM sé viðurkennt í lögum er það enn jaðarsett í framkvæmd. Innleiðing laga og stefnumótunar er ekki alltaf virt eða getur dregist. Meðlimir ÍTM samfélagsins greina frá því að þeir upplifi enn þá mismunun vegna málsins. Í grunnskóla styðja lög og aðalnámskrá tvítyngda menntun en í raun er málréttindum oft ekki að fullu fylgt eftir né boðið upp á raunverulegt tvítyngt umhverfi. Í nýlegri grein um hugmyndafræði og starfshætti sem tengjast íslensku táknmáli í menntun kemur fram að í mörgum skólum sé ekki komið fram við íslenskt táknmál sem tungumál og því sýnd full virðing. Málið og þekking döff fólks sé jaðarsett og misskilningur ríki um eðli málsins og menningu döff fólks. Döff sérfræðingar sögðust hafa þurft að láta í minni pokann fyrir kerfi þar sem ekki var litið á ÍTM sem tungumál. Þeir veltu fyrir sér af hverju í gegnum tíðina hafi stöðugt verið gerðar tilraunir á döff börnum, allar með það markmið að þurrka ÍTM út og láta þau tala íslensku (Valgerður Stefánsdóttir og Rannveig Sverrisdóttir, 2025).

Þegar farið er yfir lagalega stöðu íslensks táknmáls og framkvæmd laga sem tryggja eiga málréttindi ÍTM fólks í samfélaginu er dapurlegt að upplifa að algengt er að íslenskt táknmál sem tungumál og döff menning sé hunsað eða það gleymist, þyki lítilfjörlegt og skipti ekki máli. Sambærilegri stöðu lýsir Ingela Holmström, prófessor við Stokkhólmshaskóla í erindi um málsmánun (sæ. språkskamning) og sænskt táknmál. Ný lög voru sett árið 2011 um stöðu íslenskrar tungu og íslensks táknmáls. Þar fékk íslenskt táknmál í fyrsta sinn lagalega viðurkenningu á Íslandi og ríki og sveitarfélögum voru faldar þungar skyldur. Lagasetningunni fylgdu því háar væntingar. Hins vegar var ekki á þeim tíma eða síðar með setningu nýrra laga metið hvaða breytingar fælust í lagasetningunum, hvað þær kostuðu eða gerð aðgerðaáætlun um að ná fram breytingum. Það má túlka sem málsmánun að lögum sem áttu meðal annars að tryggja

breytingar varðandi máltöku og nám á íslensku táknmáli, þjónustu á íslensku táknmáli, varðveislu málsins, þróun og aukna notkun þættu það lítilfjörlegar að ekki þyrfti að fylgja þeim eftir með mati á áhrifum laganna, aðgerðaáætlun og fjármögnun.

Sambærileg staða kom upp,13 árum eftir að lög nr. 61/2011 voru sett, þegar þingsályktun um málstefnu íslensks táknmáls 2024–2027 og aðgerðaáætlun var samþykkt á Alþingi 20. mars 2024. Aðgerðaáætlun sem fylgdi málstefnunni gerði ýmsa aðila ábyrga fyrir aðgerðum en fjármögnun aðgerða fylgdi ekki með að undanskildum 37,5 milljónum króna til Samskiptamiðstöðvar heyrnarlausra heyrnarskertra.

Í námskrá frá 1999 er íslensku táknmáli lýst sem námsgrein og í námskrá frá 2013 er námsgreininni tvítyngi íslensks táknmáls og íslensku lýst. Það er málsmánun að ekkert námsefni hafi verið samið og gefið út til þess að kenna þessar námsgreinar. Jafnframt eiga börn sem hafa ÍTM sem sitt fyrsta mál eða annað mál í tvítyngi ekki auðvelt með að þróa orðaforða sinn og málnotkun þegar ekki er til fjölbreytt námsefni á ÍTM í öðrum námsgreinum. Ekki er heldur gerð krafa um menntun kennara í íslensku táknmáli eða tvítyngi íslensks táknmáls og íslensku sem kenna eiga táknmálsbörnum.

Í lögum um framhaldsskóla segir að í reglugerð skuli kveðið á um rétt heyrnarskertra eða heyrnarlausra nemenda til sérstakrar kennslu í íslensku táknmál. Námskrá fyrir framhaldskóla eða námskrá fyrir sérdeildir framhaldsskóla skilgreina ekki nám í íslensku táknmáli eða aðgang nemenda að því.

Í þingsályktun um menntastefnu fyrir árin 2021-2030 er engin áhersla lögð á kennslu í íslensku táknmáli, framtíð þess í stafrænum heimi eða annað sem nauðsynlegt er til þess að táknmálsbörn skipti máli eða skapað sé umhverfi þar sem þau geti lært.

Það vakna því spurningar um hvort málinu sé sleppt því það sé ekki talið mikilvægt, það skipti ekki máli eða það hafi gleymst.

Döff fólk upplifir það sem málsmánun þegar fréttir á táknmáli þurfa að víkja fyrir íþróttaleikjum.

Í sveitarstjórnarlögum segir að settar skuli reglur um notkun íslensks táknmáls og í gögnum og starfsemi sveitarfélagsins. Í stefnumótandi áætlun í málefnum

sveitarfélaga fyrir árin 2024–2038 eða í áætlun sveitarfélaga um jafnréttismál er hvergi minnst á íslenskt táknmál eða þjónustu við táknmálsfólk.

Í átaksverkefnum á vegum ráðuneyta eða opinberra stofnana, sem augljóslega eiga erindi til fólks sem talar íslenskt táknmál, gleymist íslenskt táknmál eða er hunsað þrátt fyrir lög og málstefnu Stjórnarráðsins. Það er einnig upplifað sem málsmánun.

Hagstofa Íslands heldur utan um tungumálalegan bakgrunn grunnskólanemenda. Þar eru nemendur sem eiga táknmál sem fyrsta mál skráð undir raddmáli heimalands síns. Hvorki er minnst á íslenskt táknmál né erlend táknmál. Þessi tungumál virðast ekki skipta máli.

HEIMILDIR

Aðalnámskrá grunnskóla. Íslenska. 1999.

Aðalnámskrá grunnskóla: Almennur hluti 2011: Greinasvið 2013/2013.

Áform um lagasetningu – sbr. samþykkt ríkisstjórnar frá 10. mars 2017, 1.-4. gr. 6b0b163c-d86a-eb11-9b9f-005056bcce7e

Jafnréttisstofa. (2022). *Áætlun sveitarfélaga um jafnréttismál, Leiðarvísir*. https://www.jafnretti.is/static/files/Landsfundur/aaetlanir-sveitarfelaga-um-jafnrettismal-leidarvisir.pdf

Jafnréttisstofa. (2025). *Burt með mismunun*. https://www.jafnretti.is/is/samfelag-og-vinnumarkadur/einstaklingar/er-brotid-a-ther

Bauman, H.-D. L. og Murray, J. J. (2014). Deaf gain; Raising the stakes for human diversity. University of Minnesota Press.

Embætti landlæknis. (2025). *Ráðleggingar um mataræði*. https://island.is/mataraedi-radleggingar-landlaeknis

Félags- og húsnæðismálaráðuneyti. (2025). *Félagsleg einangrun. Tölum saman. https://assets.ctfassets.net/8k0h54kbe6bj/7p8gOsIWNPjhNEHfJ0w5Um/6649df1af03bc6fd0449f1d7f75e8bf5/T%C3%B6lum_saman_vitundarvakning_%C3%ADslenska.pdf*

Íslenska UNESCO-nefndin. (e.d.). Menning. https://unesco.is/menning/

Hagstofa Íslands. (e.d.). *Grunnskólanemendur með erlent móðurmál 1997–2024*. https://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Samfelag/Samfelag__skolamal__2_grunnskolastig__0_gsNemendur/SKO02103.px

Háskóli Íslands. (2023). Málstefna Háskóla Íslands. https://hi.is/haskolinn/malstefna_haskola_islands

Holmström, I. (2025, 24. september). *I kläm mellan språkpolitik och språkskamning – STS:s särställning* [myndband]. https://www.isof.se/.../sprakseminar.../sprakseminarium-2025

Nordiska ministerrådet. (2021). *Konst och kultur – drivkraften för hållbar utveckling i Norden; Kulturpolitiskt samarbetsprogram 2021-2024*. https://pub.norden.org/politiknord2021-705/#43595

Lög um stöðu íslenskrar tungu og íslensks táknmáls nr. 61/2011.

Lög um réttindi sjúklinga nr. 74/1997.

Lög um leikskóla nr. 90/2008.

Lög um grunnskóla nr. 91/2008.

Lög um framhaldsskóla nr. 92/2008.

Lög um lýðskóla nr. 65/2019.

Lög um Ríkisútvarpið, fjölmiðil í almannaþágu nr. 23/2013.

Lög um fjölmiðla nr. 38/2011.

Lög um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018.

Lög um meðferð einkamála nr. 91/1991.

Lög um meðferð sakamála nr. 88/2008.

Lög um jafna meðferð utan vinnumarkaðar nr. 85/2018.

Lög um jafna meðferð á vinnumarkaði nr. 86/2018.

Lög um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks nr. 80/2025.

Lög um Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra nr. 129/1990.

Reglugerð um starfsumhverfi leikskóla nr. 655/2009.

Reglugerð um nemendur með sérþarfir í framhaldsskólum nr. 230/2012.

Reglugerð um Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra nr. 1058/2003.

Reglugerð um túlkun á upplýsingum um heilsufar og meðferð fyrir sjúklinga nr. 1145/2015.

Stjórnarráð Íslands. (2012). Málstefna Stjórnarráðs Íslands. https://www.stjornarradid.is/gogn/stefnur-og-aaetlanir/stefnur-raduneytanna/malstefna-stjornarrads-islands/

Sveitarstjórnarlög nr. 138/2011.

UNESCO. 2025. *MONDIACULT: Cultural rights*. https://www.unesco.org/en/mondiacult/cultural-rights

Valgerður Stefánsdóttir, Ari Páll Kristinsson og Júlía Guðný Hreinsdóttir. (2019). The legal recognition of Icelandic Sign Language: Meeting deaf people´s expectation. Í M. D. Meulder, J. J. Murrey og R. L. McKee (ritstjórar), *The legal recognition of sign languages: Advocacy and outcomes around the world* (bls. 238–253). Multilingual Matters.

Valgerður Stefánsdóttir og Rannveig Sverrisdóttir. (2025). Icelandic sign language ideologies and practices in education. *Journal of Multilingual and Multicultural Development*, 1–16. https://doi.org/10.1080/01434632.2025.2548568

Þingskjal nr. 686/2023–2024. Þingsályktun um stefnumótandi áætlun í málefnum sveitarfélaga fyrir árin 2024–2038 og aðgerðaáætlun fyrir árin 2024–2028.

Þingskjal nr. 1298/2023–2024. Þingsályktun um málstefnu íslensks táknmáls 2024–2027 og aðgerðaáætlun.

Þingskjal nr. 1111/2020–2021. Þingsályktun um menntastefnu fyrir árin 2021–2030.